

Nd.
um getraunir.

768. Frumvarp til laga

[251. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd., 12. maí.)

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til þess að stofna félag, Íslenskar Getraunir, sem afli fjár til stuðnings íþróttaiðkunum á vegum áhugamanna um íþróttir í landinu í félögum innan Ungmennafélags Íslands eða Íþróttasambands Íslands.

2. gr.

Félagið starfrækir getraunir, en með getraunum er átt við, að á þar til gerða miða — getraunaseðla, sem félagið eitt hefur rétt til þess að gefa út og selja, eru merkt úrslit kappleikja (íþróttagetraunir) eða skráð niðurröðun ákveðins fjölda talna (talnagetraunir).

Verð eininga (raða) eða miða skal ákveðið í reglugerð, að fengnum tillögum frá stjórn Íslenskra Getrauna.

3. gr.

Helmingi af heildarsöluverði raða eða miða skal varið til vinninga.

Vinningar getrauna eru undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti á því ári, sem þeir falla til útborgunar.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með málefni Íslenskra Getrauna, sbr. þó 5. gr.

Íslenskum Getraunum skal stjórnað af fimm manna stjórn, sem sé skipuð einum fulltrúa frá hverjum eftirtalinnna aðila:

Íþróttanefnd ríkisins.

Stjórn Ungmennafélags Íslands (UMFÍ).

Framkvæmdastjórn Íþróttasambands Íslands (ÍSí).

Stjórn Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ).

Framkvæmdastjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR).

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Stjórnin skipti sjálf með sér verkum.

Starfstími stjórnarinnar er þrjú ár.

Þóknun til stjórnarinnar ákveður menntamálaráðuneytið og greiðist hún af Íslenskum Getraunum.

5. gr.

Dómsmálaráðuneytið setur reglugerð um starfrækslu getrauna, að fengnum tillögum stjórnar Íslenskra Getrauna, og hefur eftirlit með starfrækslu getrauna. Kostnaður við eftirlitið greiðist af Íslenskum Getraunum, samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins.

6. gr.

Stjórn Íslenskra Getrauna ræður félaginu starfsfólk og setur því erindisbréf.

Reikningsár félagsins er frá 1. júlí til 30. júní.

Reikningar þess skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni. Ársreikning ásamt ársskýrslu skal senda dómsmálaráðuneytinu og menntamálaráðuneytinu.

7. gr.

Stjórn Íslenskra Getrauna ákveður, hverjum veitist söluumboð, og kveður á um sölulaun.

Ungmenna- og íþróttafélög eða samtök þeirra gangi fyrir um veitingu söluumboða innan íþróttahéraðs síns. Gerður skal samningur við handhafa söluumboðs.

Greiða skal stjórn héraðssambands 3% af heildarsölu í viðkomandi íþróttahéraði, enda staðfesti hún félagslega aðild umboðsaðila að samtökum sínum í íþróttahéraðinu.

8. gr.

Til kostnaðar við íþróttagetraunir telst greiðsla til Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ), að lágmarki 250 þús. kr., en 15 þús. kr. af hverri milljón heildartekna yfir 20 millj. kr. allt að því, að greiðslan nemur 475 þús. kr. á ári, og eftir að þeirri fjárhæð er náð, greiðist til KSÍ 7500 kr. af hverri milljón.

Einnig teljist til kostnaðar 0.5% greiðsla af heildarsölu í varasjóð, sem Íslenskar Getraunir eiga og nota til þess að mæta áföllum, sem félagið kann að verða fyrir.

9. gr.

Þegar vinningar, sölulaun og kostnaður hafa verið greidd, skal ágóði skiptast þannig:

Til Íþróttasjóðs 10%.

Til Ungmennafélags Íslands 20%.

Til Íþróttasambands Íslands 70%.

10. gr.

Öllum öðrum en Íslenskum Getraunum skal óheimilt að starfrækja getraunir, sem um ræðir í 2. gr. þessara laga. Enn fremur er óheimilt, án sérstakrar lagaheimildar, að starfrækja veðmálastarfsemi í sambandi við íþróttakeppni. Brot á þessum ákvæðum varða sektum allt að 100 þús. kr., sem greiðist í íþróttasjóð.

11. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

12. gr.

Leggist starfræksla getrauna niður, skulu eignir félagsins varðveitast hjá íþróttanefnd ríkisins.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 84/1940 og nr. 69/1952.